

Fundargerð 276. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: föstudagur 24. febrúar 2023
Fundartími: 9:00-10:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti, í fjarfundarbúnaði
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Oddviti fól varaoddvita svo fundarstjórn þar sem hann fundaði í fjarfundarbúnaði. Óskað eftir því að bæta við fundardagskrá fyrir umræðu að félagssamningi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls. Samþykkt að bæta því við undir lið 1 d). Anna Dóra Jónsdóttir ritaði fundargerð.

1. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls bs.

a) Boð á aukafund Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs.

Lagt fram til kynningar boð á aukafund Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. sem fram fer þann 1. mars n.k. kl. 13:00. Fulltrúi frá sveitarfélaginu verður skipaður undir lið 1 b).

b) Skipun í stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs.

Eftirfarandi aðilar eru skipaðir til loka kjörtímabilsins 2022-2026 í stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs.

Aðalmaður: Hulda Kristjánsdóttir

Varamaður: Árni Eiríksson

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Skipun í fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs.

Eftirfarandi aðilar eru skipaðir til loka kjörtímabilsins 2022-2026 í fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs.

Aðalmaður: Sigurbára Rúnarsdóttir

Varamaður: Helena Hólm

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Félagssamningur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. – fyrri umræða

Fyrir liggur félagssamningur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. til fyrri umræðu í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi félagssamning til síðar umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslufundur byggingafulltrúa nr. 179, dags. 15.02.2023

Afgreiðslur lagðar fram til kynningar.

3. Umsagnarbeiðni – Rekstrarleyfi; Umsókn um leyfi til reksturs gististaðar í flokk II – G íbúðir.

Fyrir liggur tölvupóstur frá 17.01.2023 frá fulltrúa sýslumanns á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í flokki II (G) íbúðir frá Þorvaldi Steinþórssyni fyrir hönd ÞS ehf., kt. 690409-2160 á jörðinni Öundurholt, fasteignanúmer 220-0164. Erindi var frestað á síðasta fundi sveitarstjórnar á meðan umsagnir frá öðrum umsagnaraðilum lágu ekki fyrir.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokk II (G) íbúðir. Sveitarstjórn telur að rekstur falli undir að vera minniháttar atvinnurekstur þar sem er föst búseta. Ekki er hægt að sjá að ónæði verði fyrir aðra íbúa í nágrenni gististaðar.

Sveitarstjórn hvetur landeiganda til þess að fara í deiliskipulagsvinnu til að skilgreina frekari uppbyggingu, framtíðarnotkun húsa og skipulag.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árneseinga

Fyrir liggja frekari upplýsingar frá Eflu varðandi húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árneseinga sem sveitarstjórn fjallaði um á fundi nr. 275, dags. 07.02.2023.

Í minnisblaði Eflu kemur fram að ekki er gert ráð fyrir sérstökum kostnaði vegna brunahönnunar hússins. Jafnframt er því svarað að húsnæðið og lóð þess uppfylli að mestu leyti kröfur sem gerðar eru til húsnæðis sem hannað er á forsendum algildrar hönnunar. Ekki er gert ráð fyrir aðgengi hreyfihamlaðra að geymslurými í húsinu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að Héraðsnefnd Árneseinga festi kaup á Hellismýri 8, Selfossi, og að ráðist verði í framkvæmdir á húsinu til að koma því í starfshæft ástand fyrir starfsemi Héraðsskjalasafns Árneseinga. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að gangast í ábyrgð fyrir þeim skuldbindingum sem þessu fylgja samkvæmt fyrirbyggjandi skiptingu framlaga aðildarsveitarfélaga í Héraðsnefnd Árneseinga eða 3,68%. Gengið er útrá því að heildarskuldbindingar verði að hámarki 216.220.000 kr. Sveitarstjórn leggur áherslu á að lögum og reglugerðum um jafnt aðgengi fyrir alla verði framfylgt varðandi aðgengi að lestrarsal og móttöku skjalasafnsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 275, dags. 07.02.2023

b) Vinnuhóps um húsnæði og skólalóð Flóaskóla nr. 1, dags. 16.02.2023

Varðandi lið 4 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn að ganga til samninga við Eflu vegna áframhaldandi vinnu. Sveitarstjóra falið að framlengja samning við Eflu. Sveitarstjórn gerir athugasemd við síðustu setningu í lið 4, þar sem það er í höndum sveitarstjórnar að veita umboð til samninga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árneseings dags. 14.02.2023 og dags. 16.02.2023.

Varðandi lið 1 í fundargerð frá 16.02.2023 þá staðfestir sveitarstjórn Flóahrepps samkomulag vegna útgöngu Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Efni til kynningar

a) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 7. mars 2023 kl. 9:00 í Þingborg.

7. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Elin Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

51. stjórnarfundur Bergrisans bs.

31.01.2023

Staðsetning: Teams

Fundur hófst klukkan 13:00

Mætt:

Fjóla St. Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Íris Ellertsdóttir, Anný Ingimarsdóttir, Svava Davíðsdóttir og Sigbrúður Birta Jónsdóttir

Svava Davíðsdóttir og Sigbrúður Birta Jónsdóttir viku af fundi eftir þriðja fundarlið.

Íris Ellertsdóttir ritaði fundargerð.

1. Breytingar á skipan þjónusturáðs Bergrisans bs.

Stjórn Bergrisans þakkar þeim Melkorku Jónsdóttur, fráfarandi forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og fyrrum fulltrúa í þjónusturáði Bergrisans bs. og Heiðu Ösp Kristjánsdóttur, fyrrum deildarstjóra velferðarþjónustu Árborgar og fyrrum formanni þjónusturáðs fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum.

Anný Ingimarsdóttir, staðgengill forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, og Sigbrúður Birta Jónsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu Árborgar eru nýir fulltrúar í þjónusturáði Bergrisans. eru þær boðnar velkomnar til samstarfsins.

Svava Davíðsdóttir, framkvæmdastjóri Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og fulltrúi í þjónusturáði Bergrisans hefur tekið við formennsku í ráðinu.

2. Fundargerðir þjónusturáðs nr. 163 og 164

Svava Davíðsdóttir, formaður þjónusturáðs Bergrisans bs. kynnir fundargerðirnar.

Stjórn Bergrisans bs. samþykkir fundargerðirnar en leggur til breytingu á lið fimm í fundargerð 164 þar sem fjallað er um fjölgun fulltrúa í þjónusturáði. Stjórn samþykkir að fulltúum þjónusturáðs fjölgi um tvo frá og með 1. mars nk. í samræmi við fjölgun þjónustusvæða úr þremur í fimm á starfssvæði Bergrisans bs. og verði þeir þá fimm talsins. Stjórn leggur jafnframt til að skipaðir verði varamenn í þjónusturáð, þá á sama fyrirkomulag við um fagteymi Bergrisans bs.

3. Vinna og virkni- skammtímaþjónustusamningur við Ás styrktarfélag

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings leggur fram erindi fyrir hönd Hveragerðisbæjar þar sem óskað er eftir að Ás styrktarfélag veiti tímabundna þjónustu er varðar vinnu- og virkni. Stjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti miðað við gefnar forsendur og felur verkefnastjóra Bergrisans að undirrita samninginn fyrir hönd Bergrisans bs.

4. Skaftholt- endurskoðuð samningsdrög lögð fyrir

Stjórn Bergrisans hefur átt í samningaviðræðum við Skaftholt ses. en samningur við félagið rann út 31.12.2022. Fyrir fundinum liggja samningsdrög um þjónustuna í Skaftholti með gildistíma til eins árs. Stjórn Bergrisans samþykkir samningsdrögin með þeim fyrirvara að starfsleyfi sé í gildi vegna búsetu og atvinnu- og hæfingar.

Stjórn felur verkefnastjóra Bergrisans að ganga frá samningi að upphæð 134.198.000 og að gefnum forsendum.

5. Drög að stjórnskipulagi Bergrisans lögð fram til kynningar

Í kjölfar úttektar HLH ráðgjafar á stjórnarsýslu- og rekstri Bergrisans bs. hefur stjórn Bergrisans ákveðið að vinna að nýju stjórnskipulagi fyrir byggðasamlagið. Skipulagið er unnið út frá tillögum HLH ráðgjafar og er ætlað að það endurspegli rekstur Bergrisans bs. Frekari umfjöllun um stjórnskipulag fer fram á auka aðalfundi Bergrisans 20. febrúar nk.

6. Stöðugildi sérfræðings

Vegna aukinna umsvifa í rekstri Bergrisans bs. leggur stjórn Bergrisans til að ráðinn verði inn starfsmaður í 75-100% starf, tímabundið í eitt ár. Aukin umsvif hafa orðið vegna ytri aðstæðna þar sem gerðar eru auknar kröfur um gæði og uppbyggingu í málefnum fatlaðs fólks og vegna innri þátta sem snúa að fjölgun þjónustusvæða og uppbyggingu er varðar gerð og innleiðingu heildstæðrar stefnu um faglegt starf og húsnæðisáætlun.

Fundi slitið klukkan 15:00



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

9. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 þriðjudag 9. janúar 2023, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Geir Gígja, Ferðamálasamtök Suðurlands
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

Dagskrá

- Verkefni síðastliðin mánuð og það sem er framundan
- Umræða um áætlanir 2023
- Önnur mál

Verkefni síðastliðin mánuð og það sem er framundan

Samstarf Markaðsstofa landshlutanna (MAS)

Unnið var áfram að endurmörkun MAS og fundir með hönnuði, erum komin með fyrstu tillögur að merki. Hópurinn fékk fimm tillögur og voru hönnuður beðinn um að vinna tvær þeirra áfram. Þá hafa verið haldnir skipulagsfundir fyrir Mannamót ásamt ýmissar annarrar vinnu því tengdu. Verið að kynna skráningu og viðburðinn á fullu, 232 skráðir í heild og þar af 72 af Suðurlandi.

Framundan er áframhaldandi vinna við Mannamót þar sem við erum í svipuðu hlutverki og undanfarin ár við að skipuleggja sýningarsvæðið ásamt ýmsu öðru. Næstu dagar fram að Mannamóti fara nánast eingöngu í undirbúningsvinnu fyrir Mannamót. Fyrir Mannamót í ár verður í fyrsta sinn haldinn sérstakur fundur fyrir sunnlenska sýnendur þar sem farið verður yfir praktísk atriði viðburðarins. Þá fór vefhópur markaðsstofanna í greiningarvinnu í byrjun

haustsins um hvaða verkefni við viljum sjá þróast næst á vefum markaðsstofanna. Sú vinna mun halda áfram á næstunni.

Framundan er einnig að klára endurmörkunina á MAS sem klárast vonandi fyrir Mannamót í janúar. Þá er heilmikil vinna framundan, eins og áður hefur verið talað um, á vettvangi forstöðumanna við endurskoðun samninga, skipulag sýninga og vinnustofa og margt fleira.

Eldfjallaleiðin

Síðustu vinnustofurnar á Suðurlandi fóru fram um miðjan desember og var ein þeirra rafræn. Það er búin að vera góð mæting, mikill áhugi og góð þátttaka. Vala hefur unnið að greiningu gagna og mun halda áfram inn í nýtt ár með Reykjanesi við það. Gögnin munu nýtast við áframhaldandi þróun leiðarinnar og áfangastaðarins Suðurlands.

Framundan er að halda áfram að vinna úr gögnum og vinna að næsta fasa. Send var inn tillaga að áhersluverkefni til SASS og Sóknaráætlunar Suðurlands um framhald verkefnisins um Eldfjallaleiðina. Vonandi verður tekið jákvætt í verkefnið þar og ræðst umfang næstu skrefa algjörlega af því hvort styrkir fáist í verkefnið.

Samstarf við Ferðamálastofu

Um miðjan desember funduðu Markaðsstofur landshlutanna og Ferðamálastofa þar sem farið var yfir samninga sem verða lausir eftir þetta ár. Rætt var um hvað hefur gengið vel og hvað mætti bæta. Rætt var um mikilvægi þess að tryggja áfram aðkomu allra hagaðila.

Rannsóknarsviðið hjá Ferðamálastofu óskaði eftir tillögu og forgangsröðun að 5 nýjum talningarstöðum á Suðurlandi og var þeim send tillaga.

Samstarf með Íslandsstofu

Farið var yfir lista yfir sýningar og vinnustofur sem Íslandsstofa tekur þátt í á næsta ári. Hver Markaðsstofa setur fram óskalista yfir þátttöku í þessum viðburðum og senda frá sér sameiginlegan lista til Íslandsstofu. Send hafa verið drög til Íslandsstofu sem verður svo farið yfir í upphafi nýs árs ásamt samtali um samninga Íslandsstofu við Markaðsstofurnar.

Framundan er fundur með Íslandsstofu þar sem farið verður yfir sýningar, áherslur næsta árs og umræður um samninga.

Vinnustofur og sýningar

Það er búíð að ganga frá skráningu fyrir Suðurland á Mid-Atlantic í Reykjavík í lok janúar 2023. Tekinn var tvöfaldur bás (4 þátttakendur) eins og venjulega. Umsjónaraðilar Mid-Atlantic óskuðu eftir tillögu að ferð um Suðurland sem verður í boði daginn eftir sýningu fyrir þátttakendur á sýningunni, en MSS sendi inn eina tillögu að ferð.

Framundan er undirbúningur fyrir Mid-Atlantic, m.a. hönnun á bás þar sem nýtt sýningarkerfi verður notað. Á fundi með faghópnum sem haldinn verður á miðvikudag þá kemur í ljós hvaða fulltrúar sveitarfélaganna hafa áhuga á að vera á básnum á Mid-Atlantic.

Samstarf við sveitarfélög

Faghópsfundur á miðvikudag til að fara yfir það helsta sem er í gangi á vegum MSS og á svæðunum. Gott að fá uppfærslu á því sem er framundan og nýtt á Suðurlandi fyrir Mannamót og Mid-Atlantic. Ekki hafa borist svör frá Ölfusi varðandi framlengingu á samning við MSS fyrir 2023, Grétar upplýsir að það verði tekið fyrir á næsta bæjarráðsfundi.

Samstarf við SASS

Send var inn tillaga að áhersluverkefni, framhald Eldfjallaleiðar. Höfum verið að kynna Sóknarfæri nýsköpunar, viðskiptahraðall sem verður eftir áramót og áhersla er á verkefni sem tengjast orku, mat og líftækni, ferðapjónustu og skapandi greinum.

Vefur og samfélagsmiðlar

Vinna við efnissköpun fyrir samfélagsmiðla og vef er alltaf í gangi. Undanfarið hefur verið unnið að nýjum síðum um mismunandi þemu. Það er hluti af forgangsverkefnum áfangastaðaáætlunar að vinna slíkt efni.

Alltaf verið að skrifa fréttir, miðla efni og voru búnar til og sendar jólakveðjur á miðla.

Einnig fór út pistill fyrir jól frá framkvæmdastjóra um Mannamót. Hann birtist á nokkrum héraðsmiðlum og nú eftir áramót hafði fréttamaður samband með frekari spurningar og langar að skrifa um Mannamót.

Nokkrir fundir átt sér stað á tímabilinu við áhrifavalda um samstarf á nýju ári.

Framundan er áframhaldandi vinna við efnissköpun á vef og samfélagsmiðla en sú vinna er sífellt í gangi, allt árið. Miðla þarf fréttum af Mannamótum, Mid-Atlantic auk annars efnis sem kynnir náttúru, mat, menningu og þjónustu svæðisins.

Innra starf

Ávallt er í gangi samskipti við samstarfsaðila, 2 fyrirtæki hafa bæst í samstarfið frá síðasta fundi og erum í viðræðum við nokkur önnur. Búast má við einhverjum frekari hreyfingum þar núna í aðdraganda Mannamóta.

Framundan er að klára rekstraráætlun, starfsáætlun, markaðsáætlun þessa árs. Einnig fer vinna við áfangastaðaáætlun í fullan gang nú í janúar. Fundir með starfsfólki um verkaskiptingu milli verkefnastjóra, mikilvægt að endurskoða eftir breytingar á starfsmannamálum.

Aðrir fundir/erindi

Starfsfólk MSS reynir að sækja sem flesta fundi og kynningar sem snerta málaflokka starfseminnar og eykur þekkingu starfsfólks. M.a. má nefna að þessir fundir eru framundan.

- Fundur framundan með Hæfnisetri og SAF – verið að undirbúa fundi á Suðurlandi í mars.
- 18. jan - Öryggi ferðamanna við krefjandi aðstæður: Á að loka?
- 20. jan - Nýársmálstofa ferðapjónustunnar 2023 - Íslenski ferðaklasinn og SAF

Áætlanir 2023

- Rekstraráætlun 2023 – Framkvæmdastjóri kynnir drög að rekstraráætlun ársins 2023. Rætt var um hvort ætti að fara í hækkun á aðildagjöldum fyrir sumarið þar sem þau hafa ekki verið hækkuð í nokkur ár. Framkvæmdastjóra falið að skoða það betur og kynna á næsta eða þarnæsta fundi.
- Starfsáætlun 2023 - Framkvæmdastjóri kynnir drög að starfsáætlun ársins 2023 og fer yfir þær uppfærslur sem er búið að gera.

Önnur mál

Rætt var mögulegt fyrirkomulag og dagsetningar fyrir aðalfund. Dagskrá með hefðbundnu sniði; aðalfundur, málþing, kynningaferð og árshátíð. Starfsmönnum falið að skoða hvað er í boði, dag- og tímasetningar.

Fundi slitið kl. 11:00



Markaðsstofa Suðurlands

Fundagerð

10. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudag 6. febrúar 2023, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll:

Geir Gígja, Ferðamálasamtök Suðurlands

Fundagerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

Dagskrá

- Verkefni síðastliðin mánuð og það sem er framundan
- Áætlanir 2023
- Önnur mál

Verkefni síðastliðin mánuð og það sem er framundan

Samstarf við sveitarfélög

Faghópsfundur var haldinn 11. janúar til að fara yfir það helsta sem er í gangi á vegum MSS og á svæðunum. Gott að fá uppfærslu á því sem er framundan og nýtt á Suðurlandi fyrir sýningarnar Mannamót og Mid-Atlantic. Fjórir fulltrúar faghópsins mættu og tóku þátt í því að kynna Suðurland sem áfangastað með Markaðsstofunni á ferðasýningunni Mid-Atlantic. Seinni hluta janúar bárust svör frá Sveitarfélaginu Ölfusi varðandi framlengingu á samning við MSS fyrir 2023 og ákvað bæjarráð að framlengja ekki samninginn. Stjórn Markaðsstofunnar harmar þessa ákvörðun og telur verulegt áhyggjuefni að sveitarfélög á Suðurlandi standi ekki öll sterk að baki starfsemi Markaðsstofunnar sem hluta af stoðkerfi einnar stærstu atvinnugreinar landshlutans.

Samstarf Markaðsstofa landshlutanna (MAS)

- Mannamót var haldið 19. janúar og heppnaðist mjög vel að mati starfsmanna Markaðsstofanna og þeirra sýnenda og gesta sem rætt var við. Talið er að á annað þúsund manns hafi látið sjá sig í ár, um 900 gestir og um 220 fyrirtæki sem létu ljós sitt skína þar af voru sunnlensk fyrirtæki 69 talsins og var krafturinn og gleðin áberandi. Fyrir Mannamót vann starfsfólk Markaðsstofanna vel saman að skipulagi. MSS sá um skipulag og teikningu á salnum líkt og undanfarin ásamt ýmsu öðru. Stefán klippti einnig saman myndefni eftir viðburð þar sem þátttakendum var þakkað fyrir komuna með svipmyndum frá Mannamótum. Einnig var haldinn fundur eftir viðburðinn þar sem farið var yfir það sem gekk vel og það sem mátti betur fara.
Framundan er að senda gestum og sýnendum könnun og vinna úr henni. Þá byrjar undirbúningur fyrir næstu Mannamót fljótlega og það fyrsta er að koma út dagsetningu.
- Unnið var áfram að endurmörkun MAS og fundir með hönnuði, erum komin með fyrstu tillögur að merki. *Framundan er að klára þá vinnu.*
- Markaðsstofur Landshlutanna hefur fengið tvö erindi þess efnis að tilnefna fulltrúa í vinnuhópa, annars vegar í endurskoðun á Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og hins vegar í Útflutnings- og markaðsráð Íslandsstofu. Fundað var vegna tilnefninga og þær sendar.
- Cruise Iceland óskaði eftir öðrum fundi með MAS og fór hann fram 18. janúar. Þar var starfsemi leiðangursskipa kynnt betur og það rætt hvernig samstarf milli landshlutanna og samtakanna gæti aukist.
- Þá funduðu forstöðumenn MAS með Sigríði Dögg, fagstjóra ferðaþjónustu hjá Íslandsstofu, um sameiginleg verkefni og samning sem er í gildi milli aðila. Í framhaldi verða haldnir fundir með hverri Markaðsstofu og smærri vinnuhópa MAS um afmörkuð verkefni.

Framundan er að finna dagsetningar sem henta flestum til að halda sameiginlegan starfsmannafund Markaðsstofanna, lagt er til að hann verði 18. og 19. apríl nk. í Reykjavík og eiga Suðurland og Reykjanes að skipuleggja dagskrá fundarins.

Samstarf með Íslandsstofu

Eins og fyrr segir var haldinn fundur með Íslandsstofu um verkefni. Farið var yfir lista yfir sýningar og vinnustofur sem Íslandsstofa tekur þátt í á næsta ári og fyrirkomulag rætt. Hver Markaðsstofa setur fram óskalista yfir þátttöku í þessum viðburðum og senda frá sér sameiginlegan lista til Íslandsstofu. Send hafa verið drög til Íslandsstofu sem farið verður yfir sameiginlega á vettvangi MAS.

Þá hafa starfsmenn verið í samtali við fulltrúa Íslandsstofu og almannatengslastofur á þeirra vegum um samtarf um móttöku miðla og áhrifavalda á næstunni.

Nejra átti fundi með Meet in Reykjavík sem er einn angi Íslandsstofu en þau kynna Ísland sem ráðstefnu- og fundamöguleika og samstarfsaðila þeirra. Hugmynd um að vinna meira með þennan vinkil.

Framundan er fundur MSS með Íslandsstofu þar sem farið verður yfir helstu áherslur þessa árs (og jafnvel lengra), samstarf um verkefni og umræður um samninga. Einnig eru framundan

ferðir með miðlum og áhrifavöldum sem þarf að undirbúa ásamt því að reyna að hitta á viðkomandi aðila.

Vinnustofur og sýningar

Markaðsstofan tók þátt ásamt 4 fulltrúum sveitarfélaganna í ferðasýningunni Mid-Atlantic 27. janúar. Tekinn var tvöfaldur bás (4 þátttakendur) eins og venjulega. Umsjónaraðilar Mid-Atlantic óskuðu eftir tillögu að ferð um Suðurland sem verður í boði daginn eftir sýningu fyrir þátttakendur á sýningunni, en MSS sendi inn eina tillögu að ferð en ekki reyndist næg þátttaka í hana svo hún var felld niður. Ásamt Markaðsstofu Suðurlands voru 25 samstarfsfyrirtæki Markaðsstofunnar sýnendur í ár svo Suðurland var áberandi og vel kynnt í ár. Starfsfólk Markaðsstofunnar ásamt fulltrúum sveitarfélaga áttu bókaða um 40 fundi sem sneru að því að kynna það sem landshlutinn hefur upp á að bjóða en auk þess kíktu nokkrir við og áttu gott spjall. Fyrirspurnirnar voru af ýmsum toga. Sumir hafa verið að selja Suðurlandið í áraraddir og eru að leita að nýjum hugmyndum meðan aðrir eru að kynna sér landshlutann í fyrsta skiptið. Mikið var spurt um „lúxus“ upplifanir, náttúru og nýja möguleika í afþreyingu og gistingu. Margir höfðu líka áhuga á að samstarfi um FAM ferðir og miðlun markaðsefnis. Markaðsstofan mun á næstu dögum senda samstarfsaðilum fundarpunkta frá sýningunni með helstu upplýsingum frá hverjum fundi sem fulltrúar Markaðsstofunnar sátu. Auk þess sendir MSS frekari upplýsingar til þeirra sem fundað var með á sýningunni.

Á sýningum sem þessum og Mannamótum þá gefst gott tækifæri til að ræða við samstarfsfyrirtæki auk fyrirtækja sem mögulega vilja koma í samstarf við MSS. Einnig nást góð samtöl við ýmsa samstarfsaðila og hagaðila.

MSS er skráð á vinnustofu í Osló, Stokkhólmi og Kaupmannahöfn um mánaðarmótin febrúar/mars. Framkvæmdastjóri mun taka þátt og kynna áfangastaðinn Suðurland og þá fjölbreyttu þjónustu sem er í boði.

Framundan er undirbúningur fyrir vinnustofur auk þess að vera sífellt að uppfæra þær upplýsingar sem sendar eru í eftirfylgnipósti til kaupenda sem mæta á vinnustofur og sýningar.

Samstarf við SASS

Send var inn tillaga að áhersluverkefni, framhald Eldfjallaleiðar, og samþykkti stjórn SASS að veita styrk í næsta fasa verkefnisins. Framkvæmdastjóri verður þátttakandi í viðskiptahraðlinum Sóknarfæri nýsköpunar sem mentor, þar sem áhersla er á verkefni sem tengjast orku, mat og líftækni, ferðaþjónustu og skapandi greinum. Auk þess eru starfsmenn að fylgjast með þróun greinarinnar og sinna ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga varðandi verkefni tengd ferðaþjónustu, menningu og markaðsmálum.

Eldfjallaleiðin

Fyrsta umferð vinnustofa kláruðust í desember og var góð mæting, mikill áhugi og góð þátttaka. Vala hefur unnið að greiningu gagna og mun halda áfram inn í nýtt ár með Reykjanesi við það. Til dæmis hefur verið byrjað á „prótótýpu“ og fundað um hvernig er best að byggja upp og birta. Gögnin munu nýtast við áframhaldandi þróun leiðarinnar og áfangastaðarins Suðurlands.

Framundan er að halda áfram að vinna úr gögnum og vinna að næsta fasa sem nú hefur fengið styrk úr Sóknaráætlun Suðurlands.

Vefur og samfélagsmiðlar

Vinna við efnissköpun fyrir samfélagsmiðla og vef er alltaf í gangi. Undanfarið hefur verið unnið að nýjum síðum um mismunandi þemu. Það er hluti af forgangsverkefnum áfangastaðaáætlunar að vinna slíkt efni.

Alltaf verið að skrifa fréttir, miðla efni og huga að næstu skrefum í framþróun á síðu og miðlum.

Nokkrir fundir átt sér stað á tímabilinu um samstarf við áhrifavalda og miðla.

Framundan er áframhaldandi vinna við efnissköpun á vef og samfélagsmiðla en sú vinna er sífellt í gangi, allt árið. Miðla þarf fréttum af Mannamótum, Mid-Atlantic auk annars efnis sem kynnir náttúru, mat, menningu og þjónustu svæðisins.

Innra starf

- Framkvæmdastjóri hefur lokið við gerð rekstraráætlunar og starfsáætlunar fyrir árið 2023 og hefur verið sent á stjórn. Vinna við markaðsáætlun er í gangi.
- Ávallt eru í gangi samskipti við samstarfsaðila, 3 fyrirtæki hafa bæst í samstarfið frá síðasta fundi og höfum hafið samtal um samstarf við nokkur önnur.
- Vala tók við vinnslu áfangastaðaáætlunar og er komin vel af stað við uppfærslu áætlunarinnar.
- Sendur var póstur á samstarfsaðila til að minna á hvernig má nýta Upplifdu.is til að búa til markaðsefni.

Framundan er að klára markaðsáætlun þessa árs og senda starfsáætlun á Ferðamálastofu. Vinna við áfangastaðaáætlun heldur áfram. Fundir eru framundan með starfsfólki um verkaskiptingu milli verkefnastjóra, mikilvægt að endurskoða eftir breytingar á starfsmannamálum.

Aðrir fundir/erindi

Framkvæmdastjóri sat fund með áheyrnarfulltrúa í stjórn Vatnajökulspjóðgarðs ásamt fulltrúum frá Markaðsstofu Norðurlands og Austurbrú.

Starfsfólk MSS reynir að sækja sem flesta fundi og kynningar sem snerta málaflokka starfseminnar og eykur þekkingu starfsfólks. M.a. má nefna að þessir fundi og nokkrir framundan.

- Fundur framundan með Hæfnisetri og SAF – verið að undirbúa fundi á Suðurlandi í mars.
- 18. jan - Öryggi ferðamanna við krefjandi aðstæður: Á að loka?
- 20. jan - Nýársmálstofa ferðapjónustunnar 2023 - Íslenski ferðaklasinn og SAF
- 7. Feb – Um „Regenerative tourism“ og hvernig hægt að nýta hugmyndafræðina á viðburði

Áætlanir 2023

Stjórn fékk sendar rekstrar- og starfsáætlanir ársins 2023. Einnig nánari útlistun á forgangsverkefnum áfangastaðaáætlunar 2023 skv. samningi við Ferðamálastofu. Umræður um þær fóru fram og voru áætlanir ársins samþykktar.

Önnur mál

- Aðalfundur og árshátíð - Rætt var mögulegt fyrirkomulag og dagsetningar. Dagskrá með hefðbundnu sniði; aðalfundur, málþing, kynningaferð og árshátíð. Starfsmönnum falið að skipuleggja daginn. Stjórn hefur ákveðið að hafa aðalfund og árshátíð fimmtudaginn 4. maí 2023.
- Hvernig tryggjum við samstarf helstu hagaðila MSS?
 - Góð umræða skapaðist um virði MSS gagnvart samstarfsaðilum og tækifæri í auknum sýnileika starfseminnar. Mikilvægt að skoða fyrirkomulag, sérstaklega gagnvart sveitarfélögum, við gerð næstu samninga. Ákveðið var að senda út viðhorfskannanir til sveitarfélaga og samstarfsfyrirtækja sem hægt er að nýta í frekari stefnumótun og áherslur.

Fundi slitið kl. 12:00

3. Fundur íþróttá-, æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps

Fundarstaður Þingborg, 14. febrúar 2023 kl. 20:00

Mættir: Sigrún Hrefna Arnardóttir, Rúnar Magnússon, Sigurður Ingi Sigurðsson og Agnes Björg Birgisdóttir

1. Íþróttá og æskulýðsmál / skíðaferð / fjáröflun: planið er að fara í skíðaferð með skólanum 8-10 bekkur. Langar að hafa fjáröflun fyrir ferðina, í fyrra borgaði félagsmiðstöðin 2.500 á mann og Þjótandi 2.500 á mann. Ef ekkert borgað niður þá 15.000 mann á krakka. Halda fjáröflun fyrir þá sem vilja, talaði við Fanney á Hurðarbaki upp á að kaupa hamborgara eða hakk, vill hafa það innansveitar. Áætlað 2 síðustu vikurnar í mars. Í fyrra greiddi skólinn mjög stóran part af rútunni. Næst er að reikna út hvað það kostar á mann og hvað þarf að selja mikið.
2. Ungmennaráð, opið hús: Það var haldið ungmennahús 26. jan sem gekk ljómandi vel. Það mættu 15-20 krakkar, sem verður að teljast frekar góð mæting á fyrsta hús miðað við fyrri ár.
3. Fjör í Flóa hugmyndavinna / skipulag / kostnaður: Hugmynd er að taka göngutúr meðfram Hvítá hjá Langholti á föstudagskvöldið, ætlum að skoða nánar. Haldið helgina 1-4 júní (fimmtudagur-sunnudagur). Ætlum að hittast fljótlega til að skipuleggja nánar.
4. Finna dagsetningu fyrir Fjör í Flóa 2024: valin var helgin 31.-1. júní
5. Sækja um styrk SASS fyrir Fjör í Flóa

Fundi slitið: 22:00

Fundargerð 55. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 27. janúar kl. 08:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar á Grand Hótel Reykjavík, í Gallerí sal.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson og Einar Kristján Jónsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

- Kynning frá Samorku á afstöðu þeirra til vindorkunýtingar - 2201001SO**
Finnur Beck framkvæmdastjóri Samorku kynnti afstöðu þeirra til vindorkunýtingar.
- Kynning frá EFLU á vindorkugreiningu - 2201001SO**
Kristinn Arnar Ormsson hjá verkfræðistofunni EFLU kynnti vindorkugreiningu í Múlapingi.
- Kvörtun til ESA vegna skattaávilnunar til raforkufyrirtækja - 2101002SO**
Ása Valdís Árnadóttir formaður SO fór yfir stöðuna um kvörtun til ESA vegna skattaávilnana til raforkufyrirtækja.
- Kynning frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi á forsendum orkuskipta á Íslandi - 2202003SO**
Haraldur Þór Jónasson, sveitarstjóri og oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps kynnti sjónarmið sín vegna fyrirhugaða orkuframkvæmda er varðar orkuskipin.
- Önnur mál - 2011004SO**
Kjartan Benediktsson, sveitarstjórnarmaður í Fljótsdalshreppi kynnti áherslur Fljótsdalshrepps í smávirkjunarmálum.

Fundi var slitið kl. 10:00

Ása Valdís Árnadóttir

Árni Eiríksson

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Jónína Brynjólfsdóttir

Knútur Emil Jónasson

Einar Kristján Jónsson

Fundargerð 56. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 17. febrúar kl. 08:15 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Einar Kristján Jónsson og Grétar Ingi Erlendsson.

Að auki sátu fundinn: Bryndís Gunnlaugsdóttir, Guðjón Bragason, Kristín Ólafsdóttir og Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga - 2011002SO**

Umræðum frestað fram á næsta fund.

2. **Þjónustusamningur Samtaka orkusveitarfélaga við Samband íslenskra sveitarfélaga - 2212001SO**

Umræðum frestað fram á næsta fund.

3. **Kynning á stöðu mála í Skeiða- og Gnúpverjahreppi - 2202003SO**

Oddviti og sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Haraldur Þór Jónsson kom inn á stjórnarfund og kynnti stöðu orkumála í sínu sveitarfélagi. Stjórn þakkar fyrir greinagóða kynningu. Sveitarstjórnir Múlaþings og Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafa hvor um sig bókað um orkumál og í ljósi þeirra bókana vil stjórn Samtaka orkusveitarfélaga bóka eftirfarandi:

Ríkisstjórn Íslands setti í stjórnarsáttmála sinn aðgerðir um orkuskipti og útfösun jarðefnaeldsneytis, þar sem grunnur er lagður að fullum orkuskiptum og að þeim verði náð eigi síðar en árið 2040.

Því er mikilvægt að ríkið meti stöðu á framleiðslu á raforku á Íslandi, áætli þörf til frekari framleiðslu og ákveði með hvaða móti og hvar skuli afla þeirrar orku út frá ýmsum þáttum svo sem umhverfislegum, samfélagslegum og efnahagslegum með Rammaáætlun eða öðru sambærilegu ferli.

Endurskoða þarf hverjar heimildir sveitarfélaga eigi að vera til gjaldtöku og eða álagningar gjalda og meta hvort leitast eigi við aðrar heimildir svo sem til skattaafsláttar eða samfélagssjóða eða annað sem hefur efnahagsleg áhrif fyrir sveitarfélag, ágóða landeigenda, bætur til fasteignaeigenda í grennd vegna virðisminnkunar, tryggingar vegna umhverfisskaða á framkvæmdar- og rekstrartíma og vegna niðurrifs að rekstrartíma liðnum og fleira.

Arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu þarf að skiptast með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagaðilar við orkuvinnslu. Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti

efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar sem orkan verður til um allt land. Það er sanngirnismál að orkuvinnslan skili sambærilegum tekjum í nærsamfélagið eins og öll önnur atvinnustarfssemi gerir. Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hvetur öll sveitarfélög á landsbyggðinni sem hafa orkumannvirki í nærumhverfi sínu, eða eru með hugsanleg virkjanaáform í farvatninu til þess að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög.

4. Starfsnefnd um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu - 2202003SO

Í ljósi stefnumótunarvinnu sem hefur átt sér stað á vegum samtakanna undanfarna mánuði samþykkir stjórn samtaka orkusveitarfélaga að skipa starfsnefnd. Hlutverk nefndarinnar er að vinna tillögur að breytingum hvað varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu, leggja fram drög að nýju lagaumhverfi um orkuvinnslu á Íslandi og koma á virku samtali allra hagaðila í samræði við stjórn samtaka orkusveitarfélaga.

Stjórn tilnefnir eftirtalda aðila úr röðum aðildarsveitarfélaga:

Fyrir hönd stjórnar Samtaka Orkusveitarfélaga, Jónína Brynjólfsdóttir Múlapingi

Fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Haraldur Þór Jónsson

Fyrir hönd Húnabyggðar, Guðmundur Haukur Jakobsson

Fyrir hönd Ásahrepps, Ísleifur Jónasson

Fyrir hönd Fljótsdalshrepps, Helgi Gíslason

Fyrir hönd Rangárþing Ytra, Jón G. Valgeirsson

Stjórn samþykkir að Haraldur Þór Jónsson verði formaður starfsnefndar. Jóhannes Jóhannesson starfsmaður samtaka orkusveitarfélaga mun sitja fundi og rita fundagerðir.

Starfsnefndin fær greitt fyrir fundarsetu í samræmi við reglur Sambands íslenskra sveitarfélaga um fundarsetu.

5. Fundur um samfélagslegar forsendur við orkuskiptin - 2202003SO

Mikil umræða er í samfélaginu um orkuskipti og var stjórn sammála um að boða þyrfti aðildarsveitarfélög og fleiri til fundar um orkuskiptin.

Stjórn samtaka orkusveitarfélaga samþykkir að boða til fundar um samfélagslegar forsendur við orkuskiptin og formanni stjórnar falið að vinna málið áfram.

Fundi var slitið kl. 10:15

Ása Valdís Árnadóttir

Árni Eiríksson

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Jónína Brynjólfsdóttir

Knútur Emil Jónasson

Einar Kristján Jónsson

Grétar Ingi Erlendsson

Fundargerð 57. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, miðvikudaginn 22. febrúar kl. 14:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Einar Kristján Jónsson og Grétar Ingi Erlendsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Starfsnefnd um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu - 2202003SO**

Ása og Jónína fóru yfir þá vinnu sem hefur verið í gangi síðan síðasti stjórnarfundur var haldinn en starfsnefndin hefur tekið til starfa.

Stjórn samþykkti að fela formanni stjórnar og Jónínu að skoða kostnað við að láta KPMG greina töluleg gögn um stöðu aðildarsveitarfélaganna en slík vinna myndi nýtast starfsnefndinni í þeirra vinnu.

Stjórn samþykkir að boða aðildarsveitarfélög Samtaka orkusveitarfélaga til upplýsingafundar í fjarfundabúnaði þriðjudaginn 28. febrúar klukkan 11:00. Þar mun Haraldur Þór Jónsson oddviti og sveitarstjóri fara yfir þá vinnu sem Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur verið að vinna að undanfarið ásamt því að störf starfsnefndar verða kynnt lítillega.

Starfsnefndin leggur til að hafa vinnustofu með fulltrúum aðildarsveitarfélaganna þar sem farið verður yfir verkefni starfsnefndar og hvert markmið hennar er. Á vinnustofunni er einnig áætlað að finna sameiginlega sýn sveitarfélaganna er varðar tekjur sveitarfélaga af orkuvinnslu. Stefnt er að því að sá fundur verði haldinn 2. mars.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga samþykkir að starfsnefndin fái KPMG til að halda utan um slíkan fund á kostnað samtakanna enda sé fundurinn í takt við fyrstu drög að stefnumótun samtakanna frá KPMG.

Stjórn samþykkir að greiða ferðakostnað og dagpeninga til Jónínu Brynjólfsdóttur vegna mögulegs fundar á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við starfsnefndina.

Stjórn óskar eftir því að fundargerðir starfsnefndar verði lagðar fram til kynningar á stjórnarfundum SO og vill jafnframt koma því á framfæri að

starfsnefndin sé áfram í góðu samstarfi og upplýsi stjórn SO reglulega um stöðu mála.

Fundi var slitið kl. 14:35

Ása Valdís Árnadóttir

Árni Eiríksson

Jónína Brynjólfsdóttir

Knútur Emil Jónasson

Einar Kristján Jónsson

Grétar Ingi Erlendsson

Aukaaðalfundur Bergrisans bs. 2023

haldinn í Ráðhúsi Ölfuss, Sveitarfélaginu Ölfusi þann 20. febrúar 2023
klukkan 13:00

Mætt: *Fjóla St. Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Smári Bergmann Jónsson, Dagný Davíðsdóttir, Árni Eiríksson, Hulda Kristjánsdóttir, Harpa Magnúsdóttir, Haraldur Þór Jónsson, Bjarni H. Ásbjörnsson, Stefanía Hákonardóttir, Njörður Sigurðsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Halldór Benjamín Hreinsson, Erla Sif Markúsdóttir, Elliði Vignisson, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Grétar Ingi Erlendsson, Sýlvía Karen Heimisdóttir, Jón Forni Snæbjörnsson, Hlynur Kárason, Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Daði Geir Samúelsson, Eggert Valur Guðmundsson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Helga Björg Helgadóttir, Ísleifur Jónasson, Auður Guðbjörnsdóttir, Einar Kristján Jónsson, Guri Hilstad Ólason, Tómas Birgir Magnússon, Bjarki Oddson, Einar Freyr Elínarson, Björn Þór Ólafsson, Bragi Bjarnason, Kjartan Björnsson, Brynhildur Jónsdóttir, Ellý Tómasdóttir, Ástfríður Sigurðardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Díana Lind Sigurjónsdóttir, Jóhann Jónsson*

Aðrir gestir:

Íris Ellertsdóttir, verkefnastjóri Bergrisans, Jóhanna M. Hjartardóttir, sviðsstjóri Fjölskyldu- og fræðslusviðs sveitarfélagsins Ölfus, Steinunn Jónsdóttir, Jóhanna M. Einarsdóttir, Anný Ingimarsdóttir, Sigbrúður Birta Jónsdóttir, Anna Elísabet Ólafsdóttir, Halla Steinunn Hinriksdóttir, Eyrún Hafþórsdóttir, Petrína Freyja Sigurðardóttir, Svava Davíðsdóttir, Linda Rós Jónsdóttir.

1. Setning

Fjóla St. Kristinsdóttir formaður stjórnar Bergrisans bs. bauð fundarmenn og áheyrendur velkomna og setti aukaaðalfund Bergrisans bs.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir lagði til að Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps verði ritari og að Jóhanna M. Hjartardóttir, sviðsstjóri Fjölskyldu- og fræðslusviðs Ölfuss verði fundarstjóri.

Tillaga samþykkt samhljóða.

3. Kosning í kjörbréfanefnd

Kjörbréfum hefur verið skilað til Bergrisans bs. og lagði fundarstjóri til að í kjörnefnd verði Bragi Bjarnason af þjónustusvæði Árborgar formaður, Tómas Birgir Magnússon af þjónustusvæði Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu og Grétar Ingi Erlendsson af þjónustusvæði Árneshöfna.

Tillaga samþykkt samhljóða.

4. Kynning á starfsemi Bergrisans bs.

Kynning á starfsemi Bergrisans bs.

Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans fór stuttlega yfir þau úrræði sem eru í boði á þjónustusvæði Bergrisans ásamt þeim verkefnum sem hún sinnir sem verkefnastjóri.

Kynningu á sértæku húsnæðisúrræði.

Steinunn Jónsdóttir, forstöðuproskafjálfi íbúðakjarnans að Birkimörk 21-27, Hveragerði var með kynningu á sértæku húsnæðisúrræði. Sértækt húsnæðisúrræði er íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks. Birkimörk 21-27 er með fimm íbúðareiningum en starfsemi þar hófst árið 2007 og er nýjasta sértæka húsnæðisúrræðið á þjónustusvæði Bergrisans ef frátalið er Nauthagi 2 í eigu Arnardrangs hses. sem er í byggingu.

Kynning á starfsemi VISS í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Linda Rós Jónsdóttir, deildarstjóri VISS, vinnu- og hæfingarstöðvar í Sveitarfélaginu Ölfusi kynnti starfsemina. Á VISS er unnið að eigin framleiðslu á listmunum og nytjavöru.

5. Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörbréfanefndar

Bragi Bjarnason formaður kjörbréfanefndar kynnti niðurstöðu kjörbréfanefndar.

Á fundinn eru mættir 37 aðalmenn og 5 varamenn af 56 fulltrúum og telst því fundurinn lögmætur.

6. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs.

Verður tekin fyrir á aðalfundi 2023.

7. Ársreikningur síðasta rekstrarárs

Verður tekinn fyrir á aðalfundi 2023.

8. Fjárhagsáætlun fyrir komandi rekstrarár

Verður tekin fyrir á aðalfundi 2023.

9. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður, fór yfir tillögur að breytingum á samþykktum byggðasamlagsins. Umræða varð um samþykktirnar og kom fram tillaga um að breyta tillögu stjórnar um staðfestingu fjárhagsáætlunar.

Fundarhlé

Fram kom breytingartillaga um að fjárhagsáætlun verði staðfest af aðalfundi eigi síðar en 10. október ár hvert og breytingin skrifuð inn í alla samþykktina.

Fundarstjóri ber tillöguna upp til kosninga.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri ber samþykktir Bergrisans bs. upp til kosninga.

Samþykktirnar samþykktar samhljóða.

10. Kosning tveggja aðalmanna og tveggja varamanna í stjórn Bergrisans í samræmi við breytingar á samþykktum

Lagt til að fresta stjórnarkjöri þar til samþykkt Bergrisans bs hefur verið samþykkt af öllum sveitarfélögum og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt samhljóða.

11. Ráðning löggilts endurskoðanda

Verður tekin fyrir á aðalfundi 2023.

12. Önnur mál:

- a. Stjórnskipulag Bergrisans lagt fram til kynningar og samþykktar.

Íris Ellertsdóttir, verkefnastjóri Bergrisans kynnir tillögu að nýju stjórnskipulagi Bergrisans bs. Stjórnskipulagið var unnið út frá tillögum sem komu í stjórnsluúttekt sem gerð var af HLH ráðgjöf árið 2022.

Fundarstjóri tekur til máls og ber stjórnskipulagið upp til kosningar.

Stjórnskipulagið samþykkt samhljóða.

- b. Tillaga um nýtt starf sérfræðings hjá Bergrisanum.

Íris Ellertsdóttir, verkefnastjóri Bergrisans kynnir tillöguna um nýtt starf sérfræðings hjá Bergrisanum.

Fundarstjóri tekur til máls og ber tillögu til kosningar.

Afgreiðslu málsins frestað.

Fundi slitið kl. 15:05

Fundargerð 919. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, þriðjudaginn 28. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Þorsteinsson, Kjartan Magnússon, Rósa Guðbjartsdóttir, Einar Brandsson, Freyr Antonsson, Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson. Guðmundur Ari Sigurjónsson og Nanný Anna Guðmundsdóttir tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Sunna Hlín Jóhannesdóttir mættir í hans stað. Hildur Björnsdóttir boðaði forföll, varamaður hans Kjartan Magnússon sat fundinn í hennar stað.

Í byrjun fundar bauð formaður Kjartan Magnússon velkominn á sinn fyrsta stjórnarfund.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerðir 918. fundar - 2301014SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 918. fundar stjórnar sambandsins frá 27. janúar 2023, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. **Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022 - 2301027SA**

Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022, sbr. 10. tölulið fundargerðar 918. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Lilja D. Karlsdóttir, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2023, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi sambandsins.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022 með stafrænni undirritun sinni.

3. **Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2022 - 2301028SA**

Lagður fram ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022, sbr. 11. tölulið fundargerðar 918. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Lilja D. Karlsdóttir, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2023, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi sambandsins.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022 með stafrænni undirritun sinni.

4. **Staða kjaramála - 2301032SA**
Sviðsstjóri kjarasviðs gerði munnlega grein fyrir stöðu kjaramála í febrúar 2023.
5. **Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**
Lögð fram fundargerð 17. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 15. febrúar 2023.
6. **Skipulagsmálanefnd sambandsins - 2210012SA**
Lögð fram fundargerð 48. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 22. febrúar 2023.
Stjórnin lýsir ánægju sinni yfir því að ráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp sem fjalla eigi um ákvæði lögheimilislaga um skráninga óstaðsettra í hús. Mikilvægt sé að í þeirri vinnu verði sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga virtur sem og skipulagsvald þeirra.
7. **Fundir Jónsmessunefndar - 2301035SA**
Lögð fram 27. fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 8. febrúar 2023. Rætt var um undirbúning að gerð samkomulags ríkis og sveitarfélaga á grundvelli LOF.
8. **Dagskrá landsþings sambandsins 2023 - 2301034SA**
Lögð fram drög að dagskrá landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023.
Stjórnin samþykkti fyrirbyggjandi drög og felur framkvæmdastjóra að boða landsþingsfulltrúa formlega til þingsins 31. mars nk.
9. **Minnisblað um ágang búfjár - 2301046SA**
Lagt fram minnisblað sambandsins til allra sveitarfélaga, dags. 3. febrúar 2023, um ágang búfjár.
Stjórnin samþykkir að sambandið eigi frumkvæði að því að koma á fundi milli fulltrúa innviðaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, matvælaráðuneytis, bændasamtakanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga til þess að koma á samráðshópi um heildarendurskoðun á lögum um fjallskil, afréttarmálefni og tengdri löggjöf.
10. **Þátttaka í þjóðfundi heima í héraði um framtíð skólaþjónustu - 2211003SA**
Lagður fram tölvupóstur frá mennta- og barnamálaráðuneytinu, dags. 21. febrúar 2023, um þátttöku í þjóðfundi heima í héraði um framtíð skólaþjónustu.
Stjórnin hvetur kjörna sveitarstjórnarfulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga til að taka þátt í þjóðfundinum.
11. **Úrræði stjórnvalda vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd sem ekki hafa fengið stöðu sem flóttafólk - 2302021SA**
Lagt fram bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, mennta- og barnamálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar, dags. 22. febrúar 2023, um úrræði stjórnvalda vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd

sem ekki hafa fengið stöðu sem flóttafólk. Í bréfinu óskar sambandið eftir fundi með fulltrúum þessara ráðuneyta og stofnana til þess að ræða þær áhyggjur sem sveitarfélög hafa vegna málefnis umsækjenda með alþjóðlega vernd. Einnig kom fram að þetta málefni verður til umfjöllunar á landsþingi sambandsins 31. mars nk.

12. Fréttatilkynning frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga - 2302016SA

Lögð fram fréttatilkynning frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 17. febrúar 2023, um orkuskipti þar sem kemur fram að samtökin hafi hvatt öll sveitarfélög á landsbyggðinni sem hafa orkumannvirki í nærumhverfi sínu, eða eru með hugsanleg virkjanaáform í farvatninu til þess að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög.

Stjórn sambandsins leggur til að fulltrúar í stjórn Samtaka orkusveitarfélaga komi inn á næsta fund stjórnar og geri grein fyrir málinu.

13. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA

Lögð fram fundargerð 81. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 31. janúar 2023.

14. Samstarfsyfirlýsing um úrvinnslu veiðarfæraúrgangs - 2106007SA

Lögð fram drög að samstarfsyfirlýsing milli sambandsins, Hafnasambands Íslands og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi sem stendur til að skrifa undir 6. mars nk. Einnig lagður fram samningur um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs veiðarfæra sem innihalda plast, dags. 27. október 2021 sem og minnisblað sem LMG lögmennt unnu fyrir Sorpu dags. 12. janúar 2023.

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði grein fyrir málinu á fundinum. Einnig sátu fundinn undir þessum lið Líf Magneudóttir og Eygerður Margrétardóttir, fulltrúar sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs, Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóra SORPU og Lúðvík Geirsson, formaður Hafnasambands Íslands. Tóku þau öll þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Stjórn sambandsins styður áform um Samstarfsyfirlýsingu um ráðstafanir til að stuðla að bættri söfnun og úrvinnslu veiðarfæraúrgangs. Mikilvægt er að í samningi milli Úrvinnslusjóðs og SFS verði uppsagnarákvæði eða endurskoðunarákvæði.

15. Tilnefning í kirkjugarðaráð - 2301045SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Þjóðkirkjunnar, dags. 17. febrúar 2023, þar sem Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Ásahrepps, er tilnefndur til áframhaldandi setu sem aðalmaður í kirkjugarðaráði, og Guðrún S. Magnúsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Bláskógabyggð, til vara.

16. Tilnefning í útflutnings- og markaðsráð - 2301058SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til utanríkisráðuneytisins, dags. 7. febrúar 2023, þar sem Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forseti Borgarstjórnar Reykjavíkurborgar, er tilnefnd sem aðalmaður í útflutnings- og markaðsráð, og Stefán Þór Eysteinnsson, formaður bæjarráðs í Fjarðabyggð, til vara.

17. **Umsögn um drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnu - 2302009SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 17. febrúar 2023, um drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnu, mál nr. S-31/2023.
18. **Umsögn um drög að þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu - 2302015SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 23. febrúar 2023, um drög að þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu, mál nr. S-30/2023.
19. **Starf framkvæmdastjóra sambandsins - 2301047SA**
Stjórn ræddi um ráðningu framkvæmdastjóra Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Karl Björnsson, Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson viku af fundi undir þessum lið.

Fundi var slitið kl. 15:50

Fundur stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

haldinn á Hótel Skálholti í Bláskógabyggð miðvikudaginn 1. mars 2023 kl. 14:00

Mætt: Ása Valdís Árnadóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Jón Bjarnason, Helgi Kjartansson, Árni Eiríksson og Bjarni Hlynur Ásbjörnsson.

Auk þess sátu fundinn Anný Ingimarsdóttir deildarstjóri velferðarþjónustu Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. og Bryndís Gunnlaugsdóttir starfsmaður KPMG.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Stjórn samþykkti samhljóða að Hulda Kristjánsdóttir yrði formaður og Aldís Hafsteinsdóttir yrði ritari.

2. Prókúra.

Stjórn samþykkti samhljóða að veita formanni, Huldu Kristjánsdóttur og deildarstjóra velferðarþjónustu, Anný Ingimarsdóttur, prókúru fyrir hönd byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

3. Skipun í fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. á grundvelli tilnefninga sveitarfélaganna og kosning formanns og varaformanns.

Lagðar fram tilnefningar sveitarfélaganna um nefndarmenn í fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Flóahreppur

Sigurbára Rúnarsdóttir og til vara Helena Hólm

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Andrea Sif Snæbjörnsdóttir og til vara Gunnhildur Valgeirsdóttir

Bláskógabyggð

Trausti Hjálmarsson og til vara Áslaug Alda Þórarinsdóttir

Grímsnes- og Grafningshreppur

Steinar Sigurjónsson og til vara Dagný Davíðsdóttir

Hrunamannahreppur

Bjarney Vignisdóttir og til vara Katrín Þorvaldsdóttir.

Stjórn samþykkti samhljóða tilnefningarnar.

Stjórn samþykkti samhljóða að Sigurbára Rúnarsdóttir yrði formaður fagnefndar.

Stjórn samþykkti að Steinar Sigurjónsson yrði varaformaður.

4. Ákvörðun um þóknun fyrir fundarsetu í fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Stjórn ræddi þóknun fyrir fundarsetu í fagnefnd.

Stjórn samþykkti samhljóða að þóknun fyrir fundarsetu verði tengd við þingfarakaup og mun formaður nefndarinnar fá 3% af þingfarakaupi og almennur nefndarmaður fær 1,5% af þingfarakaupi fyrir hvern fund og tekur þóknunin breytingum í samræmi við breytingar á þingfarakaupi. Jafnframt fær fagnefnd greiddan akstur á fundi nefndarinnar samkvæmt akstursdagbók. Greiðslur fara í gegnum byggðasamlagið og sér starfsmaður nefndarinnar, deildarstjóri velferðarþjónustu um að halda utan um þær.

5. Erindisbréf fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Lagt fram til umfjöllunar erindisbréf fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Stjórn samþykkir samhljóða að vísa erindisbréfinu til fagnefndar til umræðu og er Anný falið að kynna erindisbréfið fyrir nefndinni. Erindisbréfið mun síðan koma aftur fyrir stjórn til staðfestingar.

6. Kosning í stjórn Bergrisans bs.

Stjórn samþykkir að Ása Valdís Árnadóttir verði fulltrúi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. í stjórn Bergrisans bs. og að varamaður verði Hulda Kristjánsdóttir.

7. Tilkynning til ráðuneyta um nýjan félagssamning og tilkynning til fyrirtækjaskrár Skattsins um nýjan félagssamning, stjórn, prókúru og heimilisfang.

Formanni og KPMG falið að tilkynna til barna- og menntamálaráðuneytisins og innviðaráðuneytisins að breytingar hafi átt sér stað á félagssamningi félagsins. Einnig var formanni og KPMG falið að tilkynna breyttan félagssamning til fyrirtækjaskrár Skattsins ásamt tilkynningu um stjórn, prókúru og breytt heimilisfang.

8. Drög að þjónustusamning milli Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. og Hrunamannahrepps.

Farið var yfir drög að þjónustusamning milli Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. og Hrunamannahrepps. Stjórn samþykkti samhljóða að ganga til samninga við Hrunamannahrepp. Formanni falið að ganga frá samningi við Hrunamannahrepp fyrir hönd Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:40.